

Nd.

189. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klotnað um afstöðuna til frumvarps þessa, og hefur meiri hl., 4 nefndarmenn, lagt til, að það yrði fellt, en ég legg til, að það verði samþykkt.

Samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum yrði, mundi persónufrádráttur hækka svo, að 5 manna fjölskylda í Reykjavík hefði skattfrjálsar árstekjur, er næmu 18 þús. kr.

Tilgangurinn með því að hafa ákveðna upphæð árstekna skattfrjálsa er að tryggja, að ekki sé heimtaður tekjuskattur af þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru mönnum til lífsfræðis. Persónufrádrátturinn á því að miðast við það, að þjóðfélagið skattleggi alls ekki þurftartekjur manna.

1939 voru þurftartekjur þær, sem lagðar voru til grundvallar við vísitöluútreikninginn, áætlaðar 3853 kr., miðað við fjölskyldu með tæplega 5 manns í heimili. Ef reiknað er nú með rétttri vísitölu á slíkar þurftartekjur, en sú vísitala er 405 samkvæmt útreikningi sérfræðinga á því sviði, þá væru slíkar þurftartekjur nú 15604 krónur, miðað við sömu lífsafkomu og var 1939. Hins vegar er vitanlegt, að öll lífsafkoma þjóðarinnar hefur batnað svo síðan þá, að það væri ekki nema sanngjarnt, þótt tryggt væri, að árstekjur, er nema 18000 kr., kæmu ekki undir tekjuskatt, þegar um 5 manna fjölskyldu væri að ræða.

Það sést bezt, hver sanngirni mælir með slíku, þegar athugað er, hverjar heildartekjur og eignir manna eru, og hef ég fengið frá Skattstofunni upplýsingar um tekjur og eignir Reykvíkinga 1947, svo að hægt sé að bera saman og sjá, hvort tekjur og eignir manna séu ekki það miklar, að sleppa megi fimm manni fjölskyldu við skatt á þurftartekjur sínar, 18 þús. kr.

Samkvæmt upplýsingum Skattstofunnar voru nettótekjur allra tekjuskattsgreiðenda í Reykjavík 1947 (en þeir voru 25 323 talsins) alls 591 894 100 kr. Þegar tillit er svo tekið til tekna þeirra, sem ekki komast í tekjuskatt, má óhætt áætla heildarnettótekjur Reykvíkinga yfir 600 milljónir. Ef skattar og útsvör er áætlað 100 milljónir, þá kemur í ljós, að rúmlega 50 þúsund Reykvíkinga hafa yfir 500 millj. kr. tekjur að frádregnum sköttum og útsvörum, eða nálægt 10 þús. kr. á hvern Reykvíking. Ef meðaltekjur 5 manna fjölskyldu í Reykjavík væru því jafnvel upp undir 50 000 kr., þá liggur í augum uppi, að sanngjarnt er að sleppa þeim 5 manna fjölskyldum, sem aðeins hafa 18 000 kr. árstekjur, við tekjuskatt og að þjóðfélagið hefur efni á því. Slíkt mundi létta nokkuð skattaáþjám þá, sem þorri verkalýðs og millistétta nú stynur undir. Og það mundi einnig draga nokkuð úr því gifurlega misrétti, sem nú er á tekjum manna. Skal þess getið til að sýna, hve misjafnt er skipt, að af þeim 591 millj. kr., sem eru heildar-nettótekjur 25 þúsund Reykvíkinga, hafa 100 tekjuhæstu einstaklingar og félög 26 millj. kr. í nettótekjur og 200 tekjuhæstu alls 38 millj. kr.

Væru einhverjir, sem héldu, að með því að sleppa fjölskyldum verkamanna og millistétta við skatt á raunverulegar þurftartekjur, væri hinum tekjuhærrí og efnadri borgurum þjóðfélagsins íþyngt svo, að ekki yrði undir staðið, þá skal ég hér upplýsa, hvað Reykjavík snertir, hverjar eignir þar eru samkvæmt skattframtali, svo að ekki verði um það villzt, að nógu breið bök eru þar til að bera byrðarnar, þótt létt væri á bökum þeirra fátækustu, sem nú eru að sligast undir þeim.

Samkvæmt skýrslu Skattstofunnar til mín um nettóeign allra eignarskattsgreiðenda í Reykjavík 1947, — en þeir eru 13 104 talsins, — þá er heildar-nettóeign þeirra (sem sé skuldlaus eign) 632 345 900 kr. Eign 100 rikustu félaga og einstaklinga er þar af 87 655 400 kr., en 200 rikustu félaga og einstaklinga alls 117 694 200

kr. Í hópi þessara 200 ríkustu félaga og einstaklinga munu vera þrjú samvinnufélög, sem gefa reikninga sína opinberlega, svo að ég get upplýst, hverjar eignir þeirra samkvæmt skattframtali eru. Eru það þessi samvinnufélög og sambönd, og skuldlausar eignir þeirra samkv. skattframtali 31. des. 1947 tilgreindar fyrir aftan:

1. Samband isl. samvinnufélaga	4 104 000 kr.
2. Sláturfélag Suðurlands	3 309 600 —
3. Kaupfélag Rvíkur og nágrennis	854 300 —

Samtals 8 267 900 kr.

Skuldlausar eignir 200 ríkustu hlutafélaga og einstaklinga í Rvík 1947 verða því, þegar þessi félög eru talin frá, 109 426 300 kr., og eru þá allar fasteignir uppfærðar með fasteignamati og öll hlutabréf með nafnverði. Er því erfitt að áætla söluandvirði slíkra eigna, þegar engin sundurliðun liggur fyrir, en vart er það undir 500—600 millj. kr. (Þess skal getið, að Eimskipafélag Íslands er ekki með í skattaframtali þessu).

Og þjóð, sem hefur látið 500—600 millj. kr. safnast skuldlausar í hendur 200 einkahlutafélaga og einstaklinga, hefur sannarlega efni á því að veita þeim borgurum sínum persónufrádrátt, sem hlífir raunverulegum þurftartekjum fjölskyldu við skatti.

Með því skattráni á alþýðu manna, sem nú viðgengst, er einungis verið að auka misréttið í þjóðfélaginu, gera þá fátæku fátækari og banna þeim að eignast nokkuð, — og gera þá ríku enn þá auðugri en þeir þegar eru orðnir.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1948.

Einar Olgeirsson.